

Skaftfell

MIÐSTÖÐ  
MYNDLISTAR  
Á AUSTURLANDI  
CENTER FOR  
VISUAL ART

Skýrsla forstöðumanns 2013

Unnin af Tinnu Guðmundsdóttir

## Úrdráttur

Megináherslur árið 2013 í Skaftfelli voru að skerpa á hlutverki miðstöðvarinnar sem sýningarvettvangi og hlúa að fræðslu- og gestavinnustofustarfsemi þannig að hver deild styðji við hver aðra. Farið var í stefnumótunarvinnu og unnin starfsstefna fyrir árin 2014-2016.

Í sýningarsalnum voru fjórum ólíkum verkefnum miðlað, frá tilraunakenndri myndlist yfir hefðbundnari nálgun með innlendum og erlendum listamönnum. Veigamesta sýningin var 15 ára afmælissýning miðstöðvarinnar, Hnallþóra í sólinni - valin prentverk eftir Dieter Roth sem opnaði í september. Meðfram henni var boðið upp á ítarlegt fræðsluverkefni um mynd- og tungumál listamannsins sem alls 250 nemendur frá 11 grunnskólum tóku þátt í.

Í gestavinnustofum Skaftfells dvöldu 29 alþjóðlegir listamenn, þar af fimm með vinnustofustyrk frá Norrænu Menningargáttinni. Lögð var áhersla á að auka vægi gestalistamanna innan miðstöðvarinnar og yfir árið tóku gestalistamenn virkan þátt í starfseminni með istamannaspjalli, opnum vinnustofum, fræðslu og sýningaráhaldi. Yfir 25 opinberir viðburðir voru í tengslum við verkefni og vinnu þeirra. Það stærsta var unnið með danska listahópurinn A Kassen en hópurinn sýndi afrakstur af tveggja mánaða rannsóknarvinnu og listrænni sköpun í aðalsýningarsalnum yfir sumartímann. Útkoman var krefjandi sýning þar sem gestur þurftu að skoða íslenska bananaræktun og álframleiðslu í nýju samhengi.

Einn af hápunktum ársins var í mars þegar Skaftfelli var veitt Eyrarrósin fyrir framúrskarandi menningarstarf á landsbyggðinni.

## **Starfsmannahald og innra starf**

Þrír starfsmenn störfuðu hjá Skaftelli árið 2013: Tinna Guðmundsdóttir sem forstöðumaður í 70% starfshlutfalli, Litten Nyström í 50 % stöðugildi sem gestavinnustofufulltrúi og Hanna Christel Sigurkarlsdóttir starfaði tímabundið sem fræðslufulltrúi, frá ágúst 2013- janúar 2014.

Lærlingar á árinu 2013 voru tveir. Jasmin Meinold, frá Hochschule für Bildende Künste Braunschweig í Þýskalandi, var lærlingur frá júlí byrjun og út september. Jasmin sinnti margvíslegum verkefni: yfirlór bókasafnið, lagaði ensku heimasíðuna, aðstoða við uppsetningu o.s.frv. Marie Dann, frá sama háskóla, var lærlingur frá október til mars 2014. Hennar helsta verk var að ljósmynda viðburði og heimsókn grunnskólanema í tengslum við fræðsluverkefnið, ásamt ýmsu öðru.

Fyrri hluta árs fór fram í stefnumótunarvinna, forstöðukona vann greinargerðir um hvern hluta starfseminnar sem stjórn tók fyrir á fundum. Í kjölfarið var haldin umræðufundur 29. maí þar sem rekstrarfyrirkomulag, sýningarhald, gestavinnustofur og fræðsla voru rædd í þaula með góðum hóp að fólki. Út úr þessu ferli var unninn starfstefna fyrir Skaftell 2014-2016, sem stjórn samþykkti á fundi 22. janúar 2014 og fylgir með ársskýrslu.

Aðalfundur Skaftells var haldin miðvikudaginn 29. maí 2013. Þar var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*„Stjórn Skaftells kallar eftir auknu fjárfram lagi fyrir árin 2014-2016. Til að miðstöðin geti vaxið og sinnt sínu hlutverki þarf að auka rekstrarfé umtalsvert á ársgrundvelli. Ennfremur þarf að tryggja starfsgrundvöll miðstöðvarinnar með föstum verkefnastyrk á meðan á samningstímabilinu stendur.“*

## **Húsnaði**

Viðhaldi var haldið í lágmarki árið 2013. Innandyra var gólf í sýningarsal yfirfarið af Pétri Jónssyni, pússað létt upp og olíuborið. Rúnar Loftur Sveinsson, í gegnum Seyðisfjarðarkaupstað, vann að ýmsum lagfæringum utandyra um sumarið. Hann gerði műrviðgerðir, málaði útveggi, útbjó handrið, málaði tréverk húsins grábrúnt, málaði glugga utandyra á jarðhæð ásamt fleiru.

RoShamBo gerði drög af skilti fyrir framhlið hússins og alhliða últiti. Gerð var kostnaðaráætlun en ekki náðist að fylgja því verkefni eftir.

Sérstök áhersla var lögð á að auka úrval bóka til sölu innan Skaftfells, aðstaðan var lagfærð á skrifstofunni og keyptar inn nýjar bækur er tengjast Skaftfelli og Seyðisfirði.

Húsfríðunarsjóður veitti Skaftfelli styrk árið 2013 til áframhaldandi lagfæringa á gluggum á þriðju hæð að Austurvegi 42. Þeim endurbótum hefur verið stýrt af Elvari Má Kjartanssyni og munu klárast endanlega núna haustið 2014. Allar framkvæmdir hafa verið unnar með hliðsjón af ritröð Húsafríðunarnefndar.

Skaftfell hélt áfram að leiga Austurveg 23, Bókabúð–verkefnarými, og er það rými nýtt sem vinnuaðstaða fyrir gestalistamenn og kennslurými. Húsahótel ehf. tók við rekstri Bistrói Skaftfells í apríl 2011 og hafa þau séð um að halda við fyrstu hæðinni innandyra eftir þörfum. Stjórн samþykkti árið 2013 að endurnýja leigusamningur til 5 ára.

## **Samstarf og verkefni**

Skaftfelli tekur um þessar mundir þátt í gríðarstóru gestavinnustofu og sýningarverkefni á vegum HIAP. Verkefnið heitið Frontiers-in-Retreat og mun standa yfir í fimm ár, 2013-2018. Alls eru átta aðilar á bak við verkefnið sem samanstendur af gestavinnustofudvöl, myndlistarrannsóknum, sýningum sem opna samtímis í öllum gestavinnustofunum árið 2017 og útgáfu í kjölfarið. Styrkur fékk frá Evrópusambandinu í verkefnið og fyrsti vinnufundur var haldin í ágúst 2013. Ráðhildur Ingadóttir, listrænn stjórnandi Skaftfells, sótti fundinn fyrir hönd forstöðumanns. Skaftfell mun taka á móti þremur gestalistamönnum, Richard Skelton frá Bretlandi, Kati Gausmann frá Þýskalandi og einnig mun Ráðhildur taka þátt í verkefninu. Listmennirnir koma tvistar og dvelja í alls þrjá mánuði. Skaftfell mun stýra málstofu haustið 2016 og koma þá aðilar frá samstarfsaðilum til Seyðisfjarðar.

Forstöðumaður tók þátt í og flutti erindi á tveimur málþingum á tímabilinu: Málþing um uppbyggingu gestaíbúða fyrir lista- og fræðimenn á Austurlandi þann 13. mars og Auðlindir Austurlands, 5.-6. nóvember. Einnig tók fyrrum forstöðumaður Skaftfells, Þórunn Eymundardóttir, þátt í málstofunni Space and

Place, People and Practice á vegum the Cultural Enterprise Office í Dundee, Skotlandi, í apríl 2013 gegnum internetið.

Samstarf við Norrænu menningargáttina hélt áfram á árinu 2013 og tók Skaftfell á móti fimm gestalistamönnum með dvalarstyrk úr Norræna og Baltneska ferðastyrkjaáætluninni. Forstöðumaður fór á stóran fund í Stokkhólmi 8.-10. október þar sem rætt var um mælanlegan ávining af áætlunni.

Einnig má nefna að forstöðumaður tók þátt í Menningarlandinu 2013, fundaði ásamt forstöðumönnum MMF og Tónlistarmiðstöðinni með alþingismönnum í kjördæmaviku og á móti hópi franskra blaðamanna 16. nóvember sem voru að ferðast um Austurland á vegum Íslandsstofu.

## **Viðurkenningar**

Skaftfell hlaut Eyrarrósina 2013 við hátíðlega athöfn í Hofi á Akureyri.

Forstöðumaður veitti verðlaununum viðtöku, með henni voru Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi Austurlands, og Þórunn Eymundardóttir, fyrrum forstöðumaður Skaftfells, Viðurkenningin fékk mikla athygli og hefur starfsemi Skaftfells náð til stærra hóps í kjölfarið.

## Sýningar og viðburðir

Árið 2013 var fyrsta ár Ráðhildar Ingadóttur sem listrænn heiðursstjórnandi Skaftfells. Sýningarstefna Skaftfells var ákveðin svohljóðandi:

*Á árunum 2013- 2014 verður lögð áhersla á styrkja hlutverk Skaftfells sem burðarstólpi í miðlun alþjóðlegrar samtíma myndlistar á Austurlandi. Dagskráin samanstendur af sýningum og viðburðum sem gerir skil framsækinni myndlist eftir bæði upprennandi og leiðandi alþjóðlega listamenn. Árlega verða fjórar til fimm sýningar í sýningarsal, auk viðburða í Bókabúð-verkefnarými og almenningsrými.*

### Trarappa, 2. mars – 5. maí, aðalsýningarsalur.

Fyrsta sýningarverkefni ársins var Vinnustofan Seyðisfjörður, námskeið og sýning í samstarfi við Listaháskóla Íslands og Dieter Roth Akademíuna. 14 nemendur tóku þátt í námskeiði sem Björn Roth hefur leitt árlega frá 2001 og dvöldu í gestavinnustofum Skaftfells í tvær vikur. Fyrri vikunni var lögð áhersla á að kynnast staðnum, því sem er fyrir hendi og hugmyndavinnu. Í lok vikunnar útbjuggu nemendur kynningarafni fyrir sýninguna, undir leiðsögn forstöðumanns. Seinni vikan fór í framleiðslu á listaverki og uppsetningu á sýningu. Sýningin fékk titilinn *Trarappa* og opnaði laugardaginn 2. mars. Aðsókn á opnum var með endemum góð. Hópurinn yfirgaf fjörðinn mánudaginn 4. mars. Gestir á sýningunni voru, samkvæmt gestabók, amk 280.

Þátttakendur voru: Ásgeir Skúlason, Dagrún Aðalsteinsdóttir, Emma Guðrún Heiðarsdóttir, Halla Birgisdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Katrín Dögg Valsdóttir, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Matthías Rúnar Sigurðsson, Nikulás S. Nikulásson, Ólöf Kristín Helgadóttir, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður M. Sturludóttir, Þorgerður Þórhallsdóttir og Victor Ocares.

### Prjón, 11. – 25. maí, aðalsýningarsalur og utandyra

Prjón var tveggja vikna tilraunakennt verkefni tileinkað gjörningalistforminu. Útgangspunktur verkefnisins var að áþrefanlegt birtingarform listaverks sé eingöngu brot af veruleika þess og að raunverulegi kjarni listasköpunar er samspil innihalds og aðferðar. Hugsunarferli, innsæi og lífsviðhorf listamannsins er grundvallarforsenda frumsköpunar, en ekki færni og fínslípun í ákveðinni

tækni. Sýningarstjóri var Ráðhildur Ingadóttur. Alls tóku sex listamenn þátt í verkefninu: Ásta Fanney Sigurðardóttir (IS), Brent Birnbaum (US), Gavin Morrison (GB/FR) - í samstarfi með Karen Breneman (US), Karlotta Blöndal (IS) og Yvette Brackman (US/DK). Gestur var Borghildur Tumadóttir

Listamönnunum sem var boðið áttu allir það sameiginlegt að hafa lítið sem ekkert stuðst við gjörningaformið í listsköpun sinni. Þeir fengu frjálsar hendur til að gera tilraunir með formið og nálgast hugmyndavinnu og viðfangsefni á nýjan hátt. Dagskráin var opin og listamennirnir mótuðu hana eftir því sem leið á verkefnið.

Listrænt gildi verkefnisins var þungt þar sem listamennirnir fengu tækifæri til að rannsaka eigin listsköpun út frá nýjum forsendum og feta nýjar brautir. Faglegt gildi þess var einnig mikilvægt því með framkvæmdinni stuðlaði miðstöðin að framþróun og frumsköpun myndlistar. Fjöldi áhorfenda var um 30-50 á hverjum gjörningi, alls voru 13 gjörningar þar af einn ekki opin almenningi.

## Dagskrá Prjóns

### Priðjudagur 14. maí

Lokaður gjörningur  
Herðubreið  
Brent Birnbaum

### Miðvikudagur 22. maí

Kl. 17:00

#### **LITIR**

Stálbúðin, Fjarðargötu 1  
Karlotta Blöndal

Kl. 18:00

#### **ANDARGUGGI:** óperu gjörningur

Angró höfnin  
Ásta Fanney Sigurðardóttir & Gavin Morrison

### Föstudagur 24. maí

Kl. 17:00

#### **FÁLMAR**

Skaftfell – sýningarsalur  
Karlotta Blöndal

Kl. 18:00

#### **ANDARGUGGI:** óperu gjörningur

Síldarvinnslan  
Ásta Fanney Sigurðardóttir  
& Gavin Morrison

Kl. 21:00

#### **TAKK**

Skaftfell – sýningarsalur  
Brent Birnbaum

### 16. - 24. maí

Teiknjörningur  
Skaftfell – sýningarsalur  
Brent Birnbaum

### Fimmtudagur 23. maí

Kl. 17:00

#### **LÍNA**

Siðasti ljósastaurinn á Hafnargötu  
Karlotta Blöndal

Kl. 18:00

#### **ANDARGUGGI:** óperu gjörningur

Brúin á Lónsleira  
Ásta Fanney Sigurðardóttir & Gavin Morrison

### Laugardagur 25. maí

Kl. 11:00

#### **MINNINGARÆÐA Í YFIRGEFINNI JARÐARFÖR**

Smábátahöfnin  
Gavin Morrison & Karen Breneman

Kl. 13:00

#### **LITIR OG UMHVERFIS**

Skaftfell – sýningarsalur  
Gestur: Borghildur Tumadóttir

Kl. 15:00

#### **UMSKIPTINGURINN OG VEGGURINN**

Skaftfell – sýningarsalur  
Yvette Brackman

Kl. 18:00

#### **ANDARGUGGI:** óperu gjörningur

Bláa kirkjan  
Ásta Fanney Sigurðardóttir & Gavin Morrison

## **Bananas, 17. júní – 28. ágúst, aðalsýningarsalur**

Danski listahópnum A Kassen sýndi í aðalsýningarsal Skaftfells og dvöldu samhliða sem gestalistamenn í júní og júlí. Sýning var óvenjuleg að því tvennu leyti, í fyrsta lagi var þetta í fyrsta skipti frá því 2009 sem gestalistamenn sýndu í aðalsýningarsalnum og í öðru lagi þá þróaðist sýning á meðan á gestavinnustofudvölinni stóð. Umsjón var í höndum Ráðhildar Ingadóttur, listræns stjórnandi Skaftfells 2013-2014.

Sýningin fékk heitið „Bananas“ og opnaði formlega 17. júní. Þá höfðu A Kassen meðlimir unnið tölverða undurbúningsvinnu og uppgvötað að á suðurhluta Íslands er að finna banana plantekru sem er meðal þeirra stærstu í Evrópu. Listamönnunum fannst þetta framtak áhugavert hliðstætt við áliðnaðinn sem fyrirfinnst á Austurlandi. Bæði bananarnir og álið eiga það sameiginlegt að vera utanaðkomandi í íslenskri náttúru en jafnframt eru hin séríslensku náttúruöfl beisluð til að þjóna framleiðslunni.

A Kassen studdust við þessar staðreyndir sem útgangspunkt við hugmyndavinnu og á meðan dvöl þeirra stóð héldu þeir áfram þróa verk sín. Hópurinn fór í vettvangsferðir til að rannsaka og skoða fyrribærin. Á Suðurlandi heimsóttu listamennirnir Landbúnaðarháskóla Íslands og kynntu sér hvernig jarðhiti er notaður til að hita upp gróðurhúsin. Á Austurlandi keyrði hópurinn upp að Kárahnjúka virkjun og skoðuðu gljúfin, stífluna og lónið þar sem vatnsaflsorkan á uppruna sinn. Í kjölfarið héldu þeir til Alcoa Fjarðaál þar sem þeir fengu leiðsögn um álverið og kynningu á því hvernig vatnaflsorkan frá Kárahnjúkum er notuð.

Margar hugmyndum fæddust á tímabilinu og vinnuferlið var mjög einbeitt. Sumar hugmyndir urðu að veruleika en aðrar ekki. A Kassen fóru í samstarf við hljóðlistamanninn Auxpan og héldu viðburð utandyra 6. júlí. A Kassen sýndi þá gjörning og Auxpan flutti tónlist samfara. Einnig vann hópurinn í eldsmiðju Tækniminjasafnsins og gerði ýmsar tilraunir með ál. Í lok júlí lauk vinnuferlinu og dvölinni hjá A Kassen og þá var bætt við verkum á sýninguna. Haldin var móttaka 27. júlí og var þá einnig gefið út prentefni með úrvali ljósmynda frá vettvangsferðunum. Sýningin stóð svo áfram til 26. ágúst. Verkefnið var unnið í samstarfi við Tækniminjasafn Austurlands og með aðstoð frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Alcoa Fjarðaál og Brimberg.

Ávinningsurinn af verkefninu var krefjandi myndlistarsýning þar sem gestir þurftu að tengja saman bananaræktun og álframleiðslu í nýju samhengi. A Kassen eru í fremstu röð í myndlistarheiminum í dag og hlutu þriðju verðlaun í Carnegie-samkeppninni í ágúst 2013, meðan sýning þeirra í Skaftfelli stóð enn yfir. Fjöldi gesta samkv. gestabók var 518

### **Hnallþóra í sólinni, 7. september 2013 – 16. febrúar 2014, aðalsýningarsalur**

Skaftfell fagnaði fimmtánda starfsári sínu með sýningunni „Hnallþóra í sólinni”. Til sýnis voru prentverk eftir svissneska listamanninn Dieter Roth (1930-1998), valin af Birni Roth. Dieter var með eindænum fjölhæfur myndlistamaður og hönnuður. Hann skapaði linnulaust af mikilli eldmóð og vann í ólíka miðla; grafík, höggmyndir, málverk, bókverk og myndbandslist. Nálgun Dieters við sköpunarferlið, tæknilegar aðferðir og efnivið var nýstárleg, og er hann talinn með áhrifamestu listamönnum frá Evrópu, eftir seinni heimstyrjöld. Sýningunni var skipt upp í ellefu tímabil, sem spanna frá 1957 til 1993, og veitti greinargóða innsýn í listsköpun og ævistarf Dieters. Til sýnis voru yfir 40 verk og seríur, úr einkaeigu og fengin að láni frá Nýlistasafninu í Reykjavík. Boðið var upp á leiðsögn um sýninguna þar sem var veitt innsýn í líf og list Dieters. Einnig var boðið upp á listsmiðjur fyrir fjölskyldur, þann 6. okt og 9. nóv. Fræðsluverkefni Skaftfells fyrir grunnskólanema Austurlands, veturinn 2013-2014, fjallaði um Dieter og prentverk hans, sjá nánar í kaflanum um fræðslu.

Þegar sýningartímabilinu lauk ferðaðist Hnallþóra í sólinni suður og var sett upp í Hafnborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.

### **Aðrir viðburðir í Bókbúðinni og víða**

Á árinu 2013 voru einnig heilmargir viðburðir og ýmsar uppákomur, í samstarfi við gestalistamenn og listamenn á staðnum.

#### **Janúar**

05.01.13 kl. 16:00-20:00

Mariko Takahashi: THE SHADES OF BLUE  
Bókabúð, vörpun

Liam Schully: HÓLLISTIC THERAPY

Hóll gestavinnustofa  
Hluti af Sequences VI

#### **Apríl**

13.04.13 kl. 16:00

13.04.13 kl. 17:00

Joey Syta: ABOUT  
Bókabúð, sýning  
Hluti af Sequences VI

13.04.13, kl. 18:00-21:00

Andrius Mulokas: DOMESTIC BLISS  
Norðurgata gestavinnustofa  
Hluti af Sequences VI

14.04.13, kl. 15:00-22:00

Inga Jautakyte  
Skaftfell, sýningarsalur  
Hluti af Sequences VI

**Maí**

28.05.13-29.05.13

Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Manfred Hubmann, Yann Leguay: RECORD YOUR MEMORY  
Bókabúð, verk í vinnslu

**Júní**

21.06.13-22.06.13

Karin Reichmuth: THE PAINTING IN PAINTING  
AT THE MAGIC MOMENT  
Bókabúð, sýning

**Júlí**

06.07.13 kl. 17:00

A Kassen & Auxpan  
Tvísöngur, gjörningur og tónleikar

26.07.13 kl. 17:00

Ragnheiður Gestsdóttir & Curver Thoroddsen:  
FÖLBLÁR PUNKTUR  
Bókabúð, innsetning

**Ágúst**

19.08.13

Åse Eg Jørgensen & Karena Nomi: ÚTTEKT Á  
VINNUADFERÐUM OG SAMSTARFI MEÐAL  
MYNLISTAMANNA Á SEYÐISFIRÐI  
Bókabúð, sýning

29.08.13

Michal Kindernay: SEYÐISFJARÐARÁBREIÐA  
Bókabúð, verkefni í vinnslu

**September**

13.09.13 – 17.09.13

FOUND  
Paula Prats  
Bókabúð

**Október**

07.10.13-10.10.13

Anna Friz: Radiotelegraph – 107.1 FM  
Skaftfell gestavinnustofa, útvapsútsending

12.10.13, kl. 17:41

Anna Friz, ásamt Konrad Korabiewski:  
LJÓSASKIPTI  
Skaftfell gestavinnustofa, útvapsgjörningur

12.10.13, kl. 14:00-17:00

Björn Olsson: SLADEN  
Skaftfell, bakgarður

**Nóvember**

07.11.13, kl. 21:00

Ljóðaapplestur  
Sveinn Snorri Sveinsson  
Skaftfell Bistro  
Hluti af Dögum myrkurs

11.11.13-12.11.13

Riff úrvval  
Skaftfell Bistro  
Hluti af Dögum myrkurs

15.11.13-17.11.13

Anna Anders: ENTRANCE  
Austurvegur 36  
Hluti af Dögum myrkurs

15.11.13-17.11.13

Nemendur Seyðisfjarðarskóla, undir leiðsögn  
Tim Inness  
Bókabúð, skuggaleikhús  
Hluti af Dögum myrkurs

30.11.13, kl 17:00-00:00

Ásdís Sif Gunnarsdóttir: VIDEÓ-ÚTSETNING;  
VARANLEG  
Skaftfell, vörpun utandyra

**Desember**

01.12.13

Rithöfundalestin 2013  
Skaftfell

14.12.13-05.01.14

Jens Reichert: SCREEN  
Bókabúð, sýning

Skaftfell sýndi einnig **úrvval kvíkmynda frá Riff** í samstarfi við

Menningarmiðstöð Fljótdalshéraðs. Eins ber að nefna að í lok árs var hin árlega **rithöfundalest** í samstarfi við Skriðuklaustur.

## Fræðsla og miðlun

Skaftfell hlaut rekstrarstyrk frá Menningarráði Austurlands til að ráða fræðslufulltrúa innan miðstöðvarinnar árið 2013 og var Hanna Christel Sigurkarlsdóttir ráðin í starfið. Veigamesta verkefni fræðslufulltrúa var að þróa **fræðsluverkefni fyrir grunnskólanema** fyrir skólaárið 2013-2014. Fljótlega var tekin sú ákvörðun að tengja fræðsluverkefnið við afmælissýningu Skaftfells, „Hnallþóra í sólinni“. Haft var samband við alla grunnskóla á Austurlandi og 5.-7. bekk boðið í vettvangsferð til Seyðisfjarðar. Fjöldi skóla bókuðu sig í verkefnið fyrir árslok 2013 og í kjölfarið var farið í öflugt fjárlunarstarf til að fjármagna rútukostnað.

Fyrsti hópurinn kom 5. nóvember og síðasti í janúar 2014. Alls komu níu skólar og um 250 nemendur tók þátt í verkefninu. Þeir skólar sem heimsóttu Seyðisfjörð voru: Brúarárskóli, Fellaskóli, Eskifjarðarskóli, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskólinn í Breiðdalshrepp, Hallormsstaðarskóli, Egilsstaðaskóli, Seyðisfjarðarskóli, Nesskóli, Stöðvarfjarðarskóli og Grunnskóli Djúpavogs.

Nemendur tóku þátt í fræðsludagskrá með áherslu á prenttækni. Í Skaftfelli var boðið var upp á leiðsögn um sýninguna Hnallþóra í sólinni sem innihélt valin prent- og bókverk eftir Dieter Roth. Í kjölfarið heimsóttu nemendur Tækniminjasafnið og fengu kynningu á prentvélum síðustu aldar. Að lokum tóku nemendur þátt í listsmiðju þar sem unnið var með tákni og einfaldar prentaðferðir.

Sérstök áhersla var lögð á að koma til skila grunnaðferðum prenttækni og vinnuferli Dieters en hann var sérstaklega lunkinn í að gera tilraunir og vinna að sköpun án þess að gefa sér fyrirfram ákveðna útkomu. Í listsmiðjunni fengu nemendur að búa til eigið bókverk sem samanstóð af tveimur verkefnum; annars vegar tvíhendisteikningum í anda Dieters og hins vegar stimplaverkefnum þar sem fengist var við afbökun myndmáls og tungumáls. Á Tækniminjasafninu skoðuðu nemendur prentvélar þar á meðal steinþrykkpressu, djúpbrykkpressu og háþrykkpressu áður í eigu Dieters heitins. Auk þess fengu þau sýnikennslu í

prenttækni frá miðri síðustu öld með Intertype setningarvél og Grato press prentvél.

Verkefnið var unnið í samstarfi við fjölda fyrirtækja á Austurlandi og með stuðningi frá þeim var hægt að bjóða nemendum að fara í vettvangsferðina endurgjaldslaust. Þessir aðilar voru: HB Grandi, Sláturfélag Vopnafjarðar, Eimskip, Síldarvinnslan, Eskja, Loðnuvinnslan, Vísir hf, Héraðsprent og Landsnet. Auk þess var verkefnið styrkt af Barnamenningarsjóði.

Hið árlega tveggja vikna námskeið **Vinnustofan Seyðisfjörður** í samstarfi við LHÍ, Dieter Roth Akademíunna og Tækniminjasafnið fór fram í febrúar og mars. Þetta var 13 námskeiðið og mikil reynsla og þekking byggst upp í kringum verkefnið.

Skaftfell helt áfram að hafa **umsjón með myndmenntarkennslu** 7. -10. bekk í grunnskóla Seyðisfjarðar. Kennslan var 4 kls. á viku og hefur farið fram í Bókabúðinni – verkefnarými. Kennari var Litten Nyström. Alls héldu nemendur tvær sýningar á verkum sínum: vorsýning, júní – Bókabúð, They come out at night, nóvember – Bókabúð. Nokkrir gestalistamennirnir, Åse Eg, Joey Syta, Anna Friz og Timothy Innes, tóku þátt í kennslunni með kynningu á eigin verkum eða verkefni.

Boðið var upp á **leiðsögn** um sýninguna Hanllþóra í sólinni 5. október og leiðsögn og vinnusmiðju fyrir fjölskyldur 6. október, í tengslum við Haustroða. Einnig tók Skaftfell á móti tveimur einkahópum í leiðsögn.

Gestalistamenn stóðu fyrir nokkrum viðburðum yfir árið. Alls fóru fram þrjár **kynningar listamanna** þar sem listamenn ræddu um verk sín og vinnuaðferðir:

24.04.13, kl 14:00

Listamannaspjall #12: Joey Syta, Andrius Mulokas  
og Liam Scully  
Norðurgata gestavinnustofa

06.05.13 kl. 21:00

Listamannaspjall #13: Ásdís Sif Gunnarsdóttir,  
Manfred Hubmann og Yann Leguay  
Bókabúð

18.09.13, kl. 13:00

Listamannaspjall #14: Anna Friz, Åse Eg, Björn Olsson,  
Helena Wikström og Gerd Aurell  
Bókabúð

Einn gestlistamenn var með **opna vinnustofu**, Åse Eg í lok september. Auk þess hélt Skaftfell utan um Dag myndlistar á Austurlandi sem er haldin á vegum SÍM, hafði samskipti við myndlistarmenn og sinnti kynningu.

02.11. kl. 14:00-17:00

Egilsstaðir:

Ólöf Björk Bragadóttir, Sláturnhúsið, Kaupvangi 7  
Íris Lind Sævarsdóttir, Sláturnhúsið, Kaupvangi 7

Seyðisfjörður:

Garðar Eymundsson, Norðurgötu 5, 1. hæð  
Jókull Snær Þórðarson, Norðurgötu 5, 1. hæð  
Konrad Korabiewski, Árstígur 6.  
RoShamBo, Hafnargötu 4, 1. hæð

Um vorið 2013 fór töluverð vinna í að þróa tveggja vikna **námskeið fyrir erlendan markhóp**. Forstöðukona, ásamt Klas Poulsen forstöðumanni Miðstöðvar menningarfræða og Þórunni Eymundardóttir fyrrum forstöðukonu Skaftells, tóku upp þráðinn og blésu nýju lífi í verkefnið sem hafði legið í salti síðan 2011. Námskeiðið var endurhannað með áherslu á prenttækni og gefið nafnið Workshop for Everything. Markhópurinn var skilgreindur sem starfandi listamenn í Evrópu og sett á dagskrá haustið 2013. Námskeiðið var kynnt í gegnum póstlista Skaftells, samfélagsmiðla og keypt auglýsing í E-artnow. Tveir skráðu sig en það dugði ekki til að ná upp kostnað og var verkefnið því sett aftur á salt.

## Gestavinnustofur

Á árinu 2013 rak Skaftfell þrjár gestavinnustofur: Skaftfell, Norðurgata og Hóll. Alls komu 29 listamenn, einn hópur með 4 meðlimum. Einnig dvöldu nemar LHÍ í gestavinnustofunum. Aðstaðan var leigð út í samtals 33 mánuði, þrír mánuðir voru ónýttir sökum forfalla og þrisvar sinnum á tímabilinu þurfi að leigja auka rými. Flestir listamenn dvöldu í einn mánuð en ellefu listamenn í two mánuði. Umsóknarferli, verð og skipulag var með sama sniði og árið áður.

Þeir listamenn sem dvöldu í gestavinnustofum Skaftells 2013 voru:

A Kassen (DK)	Curver Thoroddsen (IS)	Manfred Hubmann (AT)
Åse Eg (DK)	Gavin Morrison (GB/F)	Michal Kindernay (CZ)
Andrius Mulokas (LT)	Gerd Aurell (SE)	Ragnar Helgi Ólafsson (IS)
Anna Friz (CA)	Helena Wikström (SE)	Ragnheiður Gestsdóttir (IS)
Ásdis Sif Gunnarsdóttir (IS)	Joan Pearlman (US)	Timothy Innes (UK/DK)
Ásta Fanney Sigurðardóttir (IS)	Joey Syta (USA)	Yann Leguay (FR)
Björn Olsson (SE)	Karlotta Blöndal (IS)	Yvette Brackman (US/DK)
Brent Birnbaum (US)	Liam Scully (UK)	

Skaftfell hlaut styrk frá Norrænu Menningargáttinni, til þess að bjóða fimm norrænum og baltneskum listamönnum styrk til dvalarinnar 2013. Það voru Andreus Mulokas frá Litháen, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, A Kassen frá Danmörku, Åse Eg Jörgensen frá Danmörku og Björn Olson frá Svíþjóð sem hlutu vinnustofustyrki.

Alls bárust 196 umsóknir bárust í gestavinnustofur fyrir árið 2014, er það um 30% aukning frá síðasta ári. Ráðhildur Ingadóttir og Nína Magnúsdóttir sátu í valnefnd fyrir 2014. Af þessum fjölda voru 11 íslenskir listamenn, sem er aukning um 10 frá því árinu áður.

## Geirahús

Í mars 2013 var undirritaður var þjónustusamningur við Tækniminjasafnið um falega leiðsögn og ráðgjöf varðandi Geirahús. Í samvinnu við safnið fékkst styrkur frá Safnaráði til að skrásetja innbú hússins, Sólbjörg Hlöðversdóttir vann í hlutastarfi yfir sumarið að skrásetja muni úr eldhúsi í Sarp. Einnig fékkst styrkur frá Húsfriðunarsjóði til að lagfæra á gólfhlötinn í Geirahúsi. Eldhúsið var tæmt og lausir munir færðir til tímabundinar geymslu á Tækniminjasafninu. Gólfþóruðurinn í eldhúsi var tekin upp að hluta og undirlag rannsakað. Húsið verður lokað almenningi til vors 2015.

Ennfremur var unnið að endurbótum utandyra sumarið 2013 með styrk frá einkaaðila. Veggmynd á framhlið hússins var endurmáluð af Birni Roth, Kristjáni Steingrími, Goddi og Rúnari Lofti Sveinssyni um miðjan júlí. Til stendur að klára verkefnið næsta sumar. Útidyrahurðin varp fjarlægð og send í viðgerð. Gluggar og útiveggir voru málaðir.

## Fjármál

Rekstrartekjur og gjöld á árinu 2013 eru hærri en árið áður. Ástæðurnar má helst rekja til að Skaftfell hlaut sérstakan rekstrarstyrk frá MRA til að ráða fræðslufulltrúa, hlaut Eyrarósarverðlaunin og styrk frá Norrænu Menningargáttinni.

	<b>2013</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>
<b>Rekstrartekjur</b>	21.034.515	15.206.873	18,352,800
<b>Rekstrargjöld</b>	(19.828.976)	(14.651.644)	(15,095,643)
<b>Vaxtatekjur</b>	50.197	29.909	4,705
<b>Vaxtagjöld</b>	(914.322)	(1.000.585)	(934,368)
<b>Hagnaður/Tap ársins</b>	<b>341.414</b>	<b>(970.676)</b>	<b>2,327,494</b>

  

	<b>2010</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
<b>Rekstrartekjur</b>	16,033,013	11,322,041	17,286,309
<b>Rekstrargjöld</b>	(15,942,730)	(9,549,235)	(17,220,645)
<b>Vaxtatekjur</b>	14,536	21,355	33,250
<b>Vaxtagjöld</b>	(963,875)	(1,603,843)	(2,389,111)
<b>Hagnaður/Tap ársins</b>	<b>(859,056)</b>	<b>190,318</b>	<b>(2,290,197)</b>

## Stjórn Skaftells

Listrænn stjórnandi 2013 – 2014 er Ráðhildur Ingadóttir

Stjórn 2011 - 2014:

Fyrir BÍL: Hrafnhildur Sigurðardóttir

til vara Ásta Ólafsdóttir

Fyrir Skaftfellshópinn: Daníel Björnsson - gjaldkeri stjórnar

til vara Aðalheiður Borgþórssdóttir

Hanna Sigurkarlsdóttir - formaður stjórnar

til vara Ólafur Örn Pétursson

Fyrir SFK: Svava Lárusdóttir - ritari stjórnar og varaform.

til vara Vilhjálmur Jónsson

Fyrir fjölsk. Garðars Eym: Helgi Örn Pétursson

til vara Garðar Bachman